



HÚNABÍNG VESTRA

KLAPPARSTÍG 4 - 530 HVAMMSTANGI
SÍMI: 455 2400 - FAX: 455 2409
KT. 540598-2829 - VSK. nr. 59022

Alþingi
Erindi nr. P 131/1627
komudagur 26.4.2005

Hvammstanga 25. apríl 2005

Samgöngunefnd Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson
Alþingi
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005-2008.

F.h. sveitarstjórnar Húnabíngs vestra sendir undirritaður Samgöngunefnd Alþingis og Alþingismönnum Norðvesturkjördæmis eftirfarandi vegna framkominnar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005-2008:

Tengivegir. Húnabíng vestra er eitt atvinnu- og þjónustusvæði og því er það nauðsynlegt öllu athafnalífi að samgöngur innan þess séu greiðar og öruggar. Aukin atvinnusókn úr dreifbýli í þéttbýli á sl. árum kallar á enn frekari aðgerðir í þessum málaflokki.

Minnt er á að áform er fram voru sett í síðustu samgönguáætlun um endurbyggingu tengivega í Húnabíngi vestra náðu ekki nema að litlu leiti fram að ganga. Í kjölfar sameiningar sveitarfélaga í Vestur-Húnavatnssýslu árið 1998 voru gefin fyrirheit um viðamiklar endurbætur tengivega innan hins nýja sveitarfélags. Ítrekuð frestun framkvæmda við endurbyggingu tengivega í sveitarfélaginu er með öllu óásættanleg og í engu samræmi við þau fyrirheit er gefin hafa verið. Sveitarstjórn Húnabíngs vestra gerir þá kröfu að gert verði ráð fyrir endurbyggingu tengivega á Vatnsnesi, í Miðfirði, í Viðidal og á vegi yfir Heggstaðanes í nýrri samgönguáætlun og að þeim verði ráðað svo niður að ekki komi til frestunar þeirra.

Gatnamót á Hringvegi. Sveitarstjórn Húnabíngs vestra fer fram á að í nýrri samgönguáætlun verði gert ráð fyrir fjármunum til endurbóta á gatnamótum Hringvegjar og Hvammstangavegjar, Hringvegjar og Miðfjarðarvegjar norðan Laugarbakka og gatnamótum Hringvegjar og Reykjaskólavegjar í Hrutafirði. Augljóst er að úrbætur þurfa að eiga sér stað við áðurnefnd gatnamót og er þar átt við uppbyggingu hjáreina og gatnalýsingu. Á sama tíma og endurbætur hafa verið gerðar á Hringveginum þá hefur ekki verið nægilega hugað að endurbótum á þeim afleggjurum er að/frá honum liggja. Með vaxandi umferð einkabíla, auknum þungavöruflutningum á þjóðvegnum er ljóst að slyshætta við umrædd gatnamót hefur aukist auk þess sem stjórnendur stærri vöruflutningabifreiða eiga í erfiðleikum með að aka um þau sakir þess hve þröng þau eru.

Styrkvegir. Styrkvegir í Húnaþingi vestra eru tæplega 140 km. Á árinu 2004 fékk Húnaþing vestra úthlutað frá Vegagerðinni kr. 2.500.000- til viðhalds styrkvega í sveitarfélaginu. Umræddir styrkvegir þarfnast á næstu árum verulegs viðhalds og því ljóst að tryggja þarf aukin framlög til þessa verkefnis.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur áherslu á að fjármunir til viðhalds styrkvega verði auknir svo unnt reynist að viðhalda vegum og vegslóðum þar sem umferð eykst ár frá ári.

Landsvegir / fjallvegir. Í aðalskipulagi fyrir Húnaþing vestra 2002 – 2014 er Víðidalstunguheiðarvegur settur í flokk Landsvega/fjallvega úr styrkvegaflokki.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur óskað eftir því við Samgöngunefnd Alþingis og Vegagerðina að þessi breyting verði gerð og er sú ósk hér með ítrekuð.

Hvammstangahöfn. Í tillögu að Samgönguáætlun 2005-2008 er gert ráð fyrir framkvæmdum við Hvammstangahöfn. Um er að ræða endurbyggingu á hluta Suðurbryggju á árinu 2005 og dýpkun hafnar og smábátahafnar á árinu 2007. Ofangreindar framkvæmdir eru afar mikilvægar fyrir rekstur hafnarinnar og ekki síður vegna öryggis þeirra sem um höfnina fara. Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur áherslu á að ofangreindar framkvæmdir við Hvammstangahöfn verði staðfestar í Samgönguáætlun 2005-2008 og að fjármunir til verkefnanna verði tryggðir.

Sjóvarnir. Í tillögu að Samgönguáætlun 2005-2008 er gert ráð fyrir framkvæmdum við sjóvarnir við Hamarsrétt og Hamarsbúð á Vatnsnesi á árinu 2006.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra óskar eftir því að þessar framkvæmdir verði staðfestar í nýrri samgönguáætlun.

Virðingarfyllst,



Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Afrit sent: Vegagerðinni og Alþingismönnum Norðvesturkjördæmis.